

## UMRÆÐAN

## Um aðföng og fleira

Listgagnrýnendur þurfa að standa undir miklum kröfum um þjónustulund við lesandann, og ekki nema von að stundum komi í hana brestir og skrif gagnrýnandans fari út í aðra sálma. Á stundum eru slík skrif þannig að nauðsynlegt verður að koma fram athugasemdum og ábendingum. Þessi grein er rituð af slíku tilefni, sem er umfjöllun Pórodds Bjarnasonar um sýningu í Listasafni Reykjavíkur („Aðföng 1998–2001“, sem var opnuð 9. mars og stendur til 5. maí), sem birtist í Morgunblaðinu 26. mars.



Eiríkur Þorláksson

arstefnu Reykjavíkurborgar. Þá verður sú ábending hans að teljast afar sérkennileg að sýningin gæti sem best verið á internetinu þannig að skattborgararnir „geti bara farið á Netið og séð hvernig innkaupum er hagað frá ári til árs“. Er Þóroddur virkilega að mælast til þess að verkin verði einungis sýnd sem flatar myndir, allar í sömu stærð, á tölvuskjá? Er þá nokkur ástæða til að sýna listaverk annars staðar en á Netinu yfirleitt?

Ég trúir ekki öðru en að Þóroddur vilji fremur mynda sér sínar skoð-

## Gagnrýni

Mann fer að gruna að gagnrýnandinn blandi saman umræðu um ólíka hluti, segir Eiríkur Þorláksson um umfjöllun Pórodds Bjarnasonar um sýninguna „Aðföng 1998–2001“.

anir um listaverk út frá verkunum en á grundvelli tölvumynda af þeim. Það á við um flesta sem sækja list-sýningar, og því er eðlilegt að sýna þau við þær aðstæður sem nú er gert.

Sýning á aðföngum safnsins yfir ákveðið tímabil er ekki sett á dagskrá „til uppfyllingar“; Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir á þriðja tug sýninga á ári og hefur ekki þörf fyrir „uppfyllingar“. Í reynd lit ég á sýninguna sem ljúfa skyldu og tækifæri til að líta um öxl, eins og bent er á í inngangi bæklings, sem fylgir henni úr hlaði.

Par sem ekki er hægt að sýna öll þau verk sem safnið hefur eignast síðustu fjögur ár (sem eru rúmlega fjögur hundruð talsins) er brugðið á það ráð að birta lista yfir þau í bæklingsnum. Þessi listi fer fyrir brjósti á Þóroddi, og verð ég að biðja hann að virða það safninu til vorkunnar að vilja gefa gestum sínum heildarmynd af aðföngunum í einu riti. En heimildargildið er ótvírátt.

Þóroddur kvartar yfir ónógum

upplýsingum um verkin, og segir að það vanti að „segja frá inntaki verkanna og gera listina þannig að gengilegri fyrir gesti“. Þetta er viðkvæmt mál, eins og gagnrýnandinn veit; þessi kvörtun um upplýsingaleysi er þó dálítið furðuleg í ljósi þess að hann virðist ekki hafa nýtt sér þann fróðleik sem þó kemur fram á merkingum verka og í bæklingsnum; t.d. ætti að vera ljóst að verk eftir Roy Lichtenstein, sem hann nefnir, er gjöf til safnsins en var ekki keypt, eins og hann segir í greininni.

Í þeim tilvikum sem gagnrýnandinn fjallar um einstök verk er því miður helst talað niður til þeirra, ef eitthvað er. Ég harma sérstaklega þau ummæli hans um Kjarvalsverk sem safnið hefur fengið að gjöf undanfarin ár að „engin myndanna (sé) góð“; ég er algjörlega andstæðrar skoðunar, og tel mikinn feng að þessum verkum fyrir Listasafn Reykjavíkur. Þóroddur nefnir fáa aðra listamenn, og telur því væntanlega litlu skipta að á sýningunni eru fyrstu verk sem safnið hefur eignast eftir yngra listafólk eins og Ívar Brynjólfsson, Helga Hjaltalín Eyjólfsson, Særúnu Stefánsdóttur, Spessa og Gústav Geir Bollason, svo nokkur séu nefnd til. Þá skiptir greinilega enn minna máli að safnið hefur einnig eignast verk erlendra listamanna eins og Roni Horn, Karin Sander, Temmu Bell, Fabrice Hybert og Robert Combas, svo enn sé bætt við listann. Þetta eru aukatriði sem honum þykir ekki ástæða til að nefna, þrátt fyrir vandlætingu yfir litlum hlut erlendra listaverka í safninu.

Það er gott og blessað að gagnrýnandi segi skoðanir sínar með skýrum hætti, en við lestur greinarinnar fer mann að gruna að annað og meira en umfjöllunarefnið – þ.e. sýningin „Aðföng 1998–2001“ – valdi slíkum viðbrögðum. Að gagnrýnandinn blandi saman umræðu um ólíka hluti. Mér sýnist að slík blöndun hafi átt sér stað í umræddri grein. Því miður þykir mér afleiðingin leiðindagrautur, sem nær hvorki að fjalla um sýninguna á sanngjarnan og upplýsandi hátt né greina markvisst frá skoðunum gagnrýnandans um önnur mál er varða Listasafn Reykjavíkur.

Pyki Þóroddi ástæða til að skrifa t.d. um söfnunar- og sýningarstefnu safnsins er sjálfsgott og eðlilegt að hann geri það, og í raun ber að fagna slíkri umræðu. Þar eru vissulega ýmis álitamál stöðug umhugsunarefni: Hverju á að safna? Hvers vegna? Eiga opinber söfn á Íslandi að kaupa erlenda list? Og – hvaða fjármuni á að leggja í listaverka-kaup?

Mér þætti fengur að málefnalegri umræðu um þessi atriði, og óska listgagnrýnendum dagblaða að endingu þjónustulundar og þolgaðis við sín erfiðu störf.

Höfundur er forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

## Er ekki allt í góðu gengi?

„Hafnarfjörður er því miður meðal skuldugustu sveitarfélaga í landinu, þrátt fyrir að hér séu skattaálagur með því hæsta sem þekktist.“ sagði Magnús Gunnarsson í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið 29. apríl árið 1998. Síðustu fjögur ár hefur Magnús og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum ásamt bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins haft umboð bæjarbúa til að stýra fjármálum og rekstri Hafnarfjarðarkaupstaðar og niðurstaðan af þeirri stjórn-



Lúdvík Geirsson

veitu Suðurnesja. Eftir stendur að hallarekstur bæjarsjóds á sl. ári var uppá ríflega 400 milljónir, heildarskuldur jukust um ríflega 1.550 milljónir og hlutfall rekstrar af heildartekjum var 84% sem er hærra en hefur verið um langt árabil. Ef þetta er góð afkoma bæjarsjóds, hvað er þá slæm afkoma?

Staðreyndirnar tala sínu máli

„Flokkurinn mun stöðva skuldastöfnun bæjarins og endurskipuleggja fjármál hans með endurfjármögnun lána, lækkun vaxta, lengingu lánstíma og þar með lækkun greiðslubyrði. Með því einu að ná tökum á fjármálum bæjarins verður unnt að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir í bænum á næstu árum,“ skrifaði Magnús Gunnarsson í fyrrnefndri grein í Morgunblaðið fyrir réttum fjórum árum. En hver er viðskilnaður bæjarstjóra nú í lok þessa kjörtímabils?

● Loforðið um stöðvun skuldastöfnunar hefur í reyndinni orðið að mestu skuldastöfnun sem nokkurt sveitarfélag á landinu hefur staðið frammi fyrir á svo skömmum tíma og er trúlega heimsmet.

● Loforðið um hagræðingu og sparnað hefur sýnt sig í því að álögur á bæjarbúa hafa aukist stórlega á síðustu fjórum árum og nú er svo komið að hvergi er dýrara fyrir fjölskyldufólk að búa á öllu höfuðborgarsvæðinu en í Hafnarfirði.

● Loforðið um að létta greiðslubyrði bæjarsjóds hefur verið uppfyllt með þeim hætti að vísa nýjum fjárskuldbindingum uppá nær 10 milljarða á komandi kynslóðir með leigusamningum um einkaframkvæmdir og kúlulánum sem á ekki að greiða fyrr en eftir áratug.

Opinber fall-einkunn uppá 0,8

Fjármálastjórn meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Hafnarfirði hefur vakið furðu og undrun bæjarbúa og ekki síður annarra landsmanna. Síðustu tvö ár hefur sérstök eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sem starfar í umboði félagsmálaráðherra, séð ástæðu til að setja Hafnarfjörð á valista vegna alvarlegrar fjármálastöðu bæjarins. Fyrir skemmstu sendi nefndin frá sér skýrslu þar sem kemur fram að fjármálastjórn í Hafnarfirði fær klára falleinkunn eða 0,8 af 10 mögulegum á sama tíma og t.d. Reykjavíkurborg fær 8,0 í einkunn.

Það þarf ekki frekari vitnanna við. Síðustu fjögur ár hafa verið þau dýrkeyptustu sem Hafnarfirðingar hafa lifað. Östjórnin hefur verið slík á öllum sviðum, hvort heldur er í fjármálum, skipulagsmálum eða almennri stjórnsýslu að bæjarbúar geta ekki horft aðgerðarlausir uppá þessa endaleysi. Mat þeirra sem best til þekkja varðandi rekstur og stjórnun sveitarfélaga liggur fyrir. Meirihlutinn kolféll á prófinu og Hafnarfirðingar sjálfir fá langþráð tækifæri til að kveða upp sinn dóm í kosningunum 25. maí nk.

Höfundur er bæjarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

## Hafnarfjörður

Nú er svo komið, segir Lúdvík Geirsson, að hvergi er dýrara fyrir fjölskyldufólk að búa á öllu höfuðborgarsvæðinu en í Hafnarfirði.

un liggur nú fyrir með skýrum hætti í lok kjörtímabilsins.

Á síðustu fjórum árum hafa skuldir Hafnarfjarðarbæjar hátt í þrefaldst. Þær hafa aukist á föstu verðlagi úr 4,9 milljörðum frá því um mitt ár 1998, í nær 15 milljarða. Þar af hefur beinn hallarekstur sveitarfélagsins á kjörtímabilinu verið uppá rúma fjóra milljarða eða eitt þúsund milljónir að jafnaði á hverju ári sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa haldið utan um fjármál bæjarsjóds. Þetta er langmesti samfelldi hallarekstur sem bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefur nokkru sinni þurft að standa frammi fyrir.

## Einkaframkvæmd

Par til viðbótar hefur bæjarsjóður verið skuldsattur með einkaframkvæmdasamningum vegna leigu á nokkrum þjónustubyggingum uppá rúma 6 milljarða eða 6 þúsund milljónir til næstu 25 ára ef aðeins er reiknuð leiga vegna byggingarþáttar þessa húsnæðis. Engin eignarmyndun á sér stað með þessari leigugreiðslu og eftir 25 ár þarf bæjarsjóður að skuldsætja sig að nýju uppá milljarða króna til að geta haldið áfram að nýta þessar byggingar, hvort heldur er undir starfsemi grunnskóla, leikskóla eða fyrir íþróttastarsemi.

Reynt að slá sér á brjóst

Þrátt fyrir þessa ótrúlegu skuldastöfnun, slá ráðamenn bæjarins sér á brjóst og senda frá sér fréttatilkynningar um góða afkoma bæjarsjóds. Þar er hvergi minnst á skuldastöðu bæjarsjóds, né aðrar framtíðarskuldbindingar, heldur reynt að fegra myndina með peningalegri eignaaukingu sem varð til að stærstum hluta við sameiningu Rafveitu Hafnarfjarðar og Hitaveitu Suðurnesja.

Eignarhlutur bæjarsjóds í Rafveitunni hefur alla tíð legið ljós fyrir þó hann hafi ekki verið færður inn í efnahagsreikning bæjarsjóds fyrr en nú með sameiningunni og hlutafélagavæðingu Hita-

## Breytingar tímabærar

NÝTT sameiginlegt framboð Óháðra og Framsóknarmanna í Garðabæ hefur vakið talsverða athygli, enda Sjálfstæðisflokkurinn verið þar við völd í hart nær 36 ár, eða óslitið síðan árið 1966. Það út af fyrir sig finnst mér nægileg ástæða fyrir bæjarbúa til að staldra við og hugleiða stöðu mála. Okkur þykir vænt um bæinn okkar og viljum veg hans sem allra mestan. En er það virkilega svo að við treystum engum nema fulltrúum Sjálfstæðisflokksins til að verja við stjórnlögin? Mér finnst kominn tími til að hleypa að nýjum straumum, þar sem hagur hins almenna bæjarbúa er hafður að leiðarljósi. Ég vil sjá meiri áherslu á félagslegan aðbúnað við eldri



Sigurlaug Garðarsdóttir Viborg

bæjarbúa. Má þar nefna húsnæðismál þeirra, en þau hafa lengi brunnið á mönnum. Staðreyndin er sú, að á undanförunum árum hafa allt of margir staðið frammi fyrir því að þurfa nauðugir viljugir að flytja burt úr bænum, þegar þeir vilja minnka við sig húsnæði. Hér þarf að gera stórátak og leggja línurnar upp á nýtt, varðandi húsnæðismál og alla þjónustu við aldraða. Við eigum að leggja aukinn metnað í þjónustu við þá fólk sem lagt hefur grunn að uppbyggingu bæjarins. Bæjarbúar eldri en 67 ára er sá hópur sem stækkar hraðast í Garðabæ á næstu árum. Litlar úrlausnir hafa verið í boði fyrir þennan aldurshóp, og alls engar í almennum vistunar-

## Garðabær

Mér finnst kominn tími til, segir Sigurlaug Garðarsdóttir Viborg, að hleypa að nýjum straumum.

málum aldraðra. Ég hef búið í Garðabæ samtals í 14 ár, og er ég óflokksbundin og á engan hátt skuldbundin nokkrum stjórnmálaflokkum. Ég vil láta til mín taka sem almennur íbúi bæjarins sem ber velferð allra aldurshópa fyrir brjósti. Ýmislegt er vel gert en mörgu er ábótavant. Ég vil breytta áherslu og mannlægra sjónarmið við stjórnun Garðabæjar.

Höfundur er í öðru sæti á framboðslista Óháðra og Framsóknarmanna í Garðabæ.